

155. löggjafarþing 2024–2025.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála.

Frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

I. KAFLI

Breyting á orkulögum nr. 58/1967.

1. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 30. – 32. gr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

Orðin „að fengnu álitu Orkustofnunar“ í 2. mgr. 32. gr. falla brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

3. gr.

Á undan orðinu „lofthelgi“ í 1. mgr. 2. gr. koma orðin: innsævi, landhelgi, landgrunni

4. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sé mengandi starfsemi sem er starfsleyfis skyld skv. viðauka IV jafnframt starfsleyfis skyld skv. viðauka I og/eða II skal Umhverfis- og orkustofnun gefa starfsleyfið út sem eitt leyfi og þarf þá ekki sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna.

a. Fyrirsögn ákvæðisins verður: *Skráningarskylda og almennar bindandi reglur*

b. Í stað orðanna „viðauka IV“ í 1. mgr. kemur: viðauka II og IV.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðaukum laganna:

a. Við viðauka II bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

15. Virkjun og orkuveita frá 1 MW.

b. Úr viðauka IV. fellur brott 115. töluliður.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

7. gr.

Í stað orðanna „fellur það niður“ í 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. kemur: er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að fella það niður.

IV. KAFLI

Breyting á raforkulögum nr. 65/2003.

8. gr.

Í stað orðanna „fellur það niður“ í 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. kemur: er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að fella það niður.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. a.

a. 1. mgr. orðast svo: Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar til viðskiptavina skv. 2. mgr. 8. gr. og í samræmi við tekjumörk skv. 12. gr. Gjaldskráin skal gilda annars vegar fyrir flutning raforku til dreifiveitna og hins vegar fyrir flutning raforku til stórnotenda sem ákvörðuð skal í bandaríkjadöllum. Gjaldskrá skal hagað þannig að tekjur flutningsfyrirtækisins séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem því er falið að veita hverjum hópi viðskiptavina, sbr. 1. mgr. 12. gr. Við ákvörðun gjaldskrárþátta skal horft til þess hvaða áhrif fjárfestingar sem nýttar eru í þágu tiltekinna hópa viðskiptavina hafa á fjárhæð tekjumarka og skal gjaldskrá vera í samræmi þau áhrif. Sama gjaldskrá skal vera fyrir innmötun virkjana á flutningskerfið. Þar sem virkjanir tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu skal innmötunargjaldið renna til dreifiveitunnar.

b. Á eftir 1. málsl. 9. mgr. kemur nýr málslíður, sem verður 2. málslíður, svohljóðandi: Raforkueftirlitið skal gæta þess að gjaldskrá flutningsfyrirtækisins sé án mismununar og endurspegli þann kostnað sem flutningsfyrirtækið ber vegna starfsemi sinnar.

10. gr.

Ákvæði 4. mgr. 21. gr. a fellur brott.

V. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

11. gr.

Við 18. gr. laganna bætist málsgrein, svohljóðandi:

Sé framkvæmd háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar skal framkvæmdaraðili í umsókn um leyfi til viðkomandiframkvæmdar óska eftir heimild stofnunarinnar um breytingu á vatnshloti. Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar vegna beiðni um breytingu á vatnshloti skal þá vera hluti af ákvörðun stofnunarinnar um veitingu leyfisins. Um kærueimildir vegna ákvörðunar um útgáfu leyfisins og beiðnar um breytingu á vatnshloti gilda ákvæði þeirra laga sem taka til viðkomandi stjórnvaldsákvæðana.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

12. gr.

Við 12. gr. bætist nýr stafliður, sem verður a- liður og breytast stafliðir annarra liða til samræmis, svohljóðandi: gerð matslýsingar fyrir umhverfismat áætlunar

13. gr.

2. másl. 1. mgr. 19. gr. orðast svo: Í tilkynningu skal framkvæmdaraðili leggja fram upplýsingar um framkvæmdina og líkleg umtalsverð umhverfisáhrif hennar, m.a. hvort að framkvæmd er líkleg til að hafa áhrif á flokkun vatnshlots samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

14. gr.

Á eftir d- lið 1. mgr. 22. gr. kemur nýr stafliður sem verður e- liður, og breytast bókstafsetningar annara stafliða til samræmis, svohljóðandi:

e. áhrif framkvæmdar á flokkun vatnshlota samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

15. gr.

Við 41. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef sá sem óskar eftir undanþágu frá friðlýsingu er einnig skyldur til að sækja um leyfi hjá Umhverfis- og orkustofnun getur hann sótt um undanþáguna hjá stofnuninni samhliða umsókn um leyfi. Umhverfis- og orkustofnun er þá heimilt að afgreiða beiðnina að fenginni bindandi umsögn Náttúruverndarstofnunar, sbr. 2. mgr. 6. gr. b laga um Umhverfis- og orkustofnun. Um málsmeðferð fer að öðru leyti skv. 1. mgr.

16. gr.

Á eftir orðinu „undanþágur“ í 1. mgr. 92. gr. kemur: og bindandi umsagnir

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um Umhverfis- og orkustofnun nr. 110/2024.

17. gr.

Á eftir 6. gr. koma þrjú ný ákvæði, , 6. gr. a og 6. gr. b, svohljóðandi:

a. (6. gr. a)

6. gr. a.

Birting stjórnvaldsákvæðana.

Þær stjórnvaldsákvæðanir Umhverfis- og orkustofnunar sem stofnuninni ber að birta opinberlega er nægjanlegt að stofnunin birti opinberlega á vef sínum.

b. (6. gr. b)

6. gr. b.

Sérákvæði um leyfisveitingar.

Við afgreiðslu leyfisumsókna fyrir starfsemi sem er leyfis skyld samkvæmt mismunandi sérlögum á ábyrgð Umhverfis- og orkustofnunar skal stofnunin sameina afgreiðsluna í eitt leyfi.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt, óski umsækjandi þess, að sameina leyfisveitingu og undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar samkvæmt 41. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Umhverfis- og orkustofnun skal þá afla umsagnar Náttúruverndarstofnunar um fram komna beiðni. Umhverfis- og orkustofnun er óheimilt að víkja frá umsögn Náttúruverndarstofnunar.

c. (6. gr. c)

6. gr. c.

Flýtimeðferð framkvæmda í þágu orkuskipta og kolefnishlutleysis.

Við afgreiðslu umsóknar um leyfis skylda framkvæmd er Umhverfis- og orkustofnun heimilt, að fenginni rökstuddri beiðni umsækjanda, að samþykkja flýtimeðferð umsóknar þegar tilgangur framkvæmdar þjónar markmiðum stjórnvalda um orkuskipti og/eða kolefnishlutleysi. Ráðherra getur mælt nánar fyrir um tilhögun flýtimeðferðar í reglugerð.

18. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Greinargerð.***1. Inngangur.**

Frumvarp þetta er samið í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu í samvinnu við Umhverfisstofnun og Orkustofnun. Markmið þess er að einfalda, samræma og stytta afgreiðslutíma leyfisumsókna á vegum Umhverfis- og orkustofnunar.

Í febrúar 2024 setti umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra af stað verkefni sem miðar að skilvirkari leyfisveitingaferlum á sviði umhverfis- og orkumála. Verkefnið snýst um skilvirkari leyfisveitingar á sviði umhverfis- og orkumála á Íslandi með endurhönnun ferla, endurskoðun regluverks, stafrænum lausnum og breyttu verklagi. Í því felast kortlagning og endurhönnun á ferlum og verklagi, endurskoðun regluverks, stafræn þróun og innleiðing nýrra ferla. Áhersla er á að samþætta og samræma leyfisveitingar, kæruleiðir og tengdar ákvarðanir til að stytta heildartíma. Einnig að gera röð ákvarðana og tímaviðmið skýrari þannig að regluverk styðji betur skilvirka, vandvirka og gagnsæja stjórnsýslu. Þá er markmiðið að innleiða hugmyndafræði um einn viðkomustað (*e. one-stop shop*).

Í verkefninu var rætt við fjölda hagaðila og verkefnatillaga lögð í samráðsgátt þar sem kallað eftir uppbyggilegum tillögum. Í vinnslu þessa frumvarps hefur verið unnið með niðurstöður viðtala og umsagnir um verkefnatillögu. Áfram verður litið til þessara gagna og greininga í frekari vinnu í átt að einföldun og skilvirkni.

Undirbúnings- og leyfisveitingaferli fyrir stórar framkvæmdir er eðlilega flókið ferli þar sem að fjölmörgu þarf að huga. Framkvæmdir mega ekki vera á skjön við markmið um sjálfbæra þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd. Þá þarf að gæta að almenningur geti

haft aðkomu að ákvarðanatöku sem varðar umhverfið í samræmi við Árósasamninginn. Hins vegar er ljóst að mikil tækifæri eru til einföldunar og aukinnar skilvirkni. Með hraðari og skilvirkari ferli má hraða framförum í átt að sjálfbærara samfélagi auk þess að stuðla að ábyrgri nýtingu auðlinda.

Með lögum nr. 110/2024 var komið á fót nýrri Umhverfis- og orkustofnun. Þær breytingar sem mælt er fyrir í þessu frumvarpi leiða margar hverjar af þeirri stofnanabreytingu og eru í rökréttu framhaldi af þeirri stefnu sem mörkuð er með hinni nýju stofnun. Umhverfis- og orkustofnun er fyrst og fremst er ætlað að fara með stjórnýslu loftslags-, umhverfis- og orkumála og málefni auðlindanýtingar samkvæmt lögum þar um. Sameining Orkustofnunar og hluta Umhverfisstofnunar í Umhverfis- og orkustofnun felur í sér ýmiskonar ávinning sem lýtur að faglegum viðfangsefnum, mannauði og þekkingu, fjármagni, innri virkni og þjónustu. Skýr kjarni í starfsemi stofnunarinnar skapar aukin tækifæri faglega til þróunar og nýsköpunar og eflingar og árangurs, stærri vinnustaðir sem geta fremur tekist á við krefjandi áskoranir og umhverfi stöðugrar þróunar og markvissara þverfaglegt samstarf innan stofnana og þeirra í milli.

Þetta frumvarp felur í sér fyrsta áfanga nauðsynlegra lagabreytinga sem nauðsynlegar eru til þess að úrbætur á leyfisveitingaferlum raungerist. Eins og fyrir sagði verður áfram unnið að frekari breytingum í átt til einföldunar og frekari innleiðingar hugmyndafræði um einn viðkomustað. Þá er þörf á greiningu og nánari útfærslu ýmissa atriða sem varða kæruleiðir.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Eins og fram kemur í 1. kafla þessarar greinargerðar er með frumvarpinu gerð tillaga að lagabreytingum sem nauðsynlegar eru til þess að markmið um úrbætur á leyfisveitingaferlum raungerist.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem varða málsmeðferð og leyfisveitingar á vegum Umhverfis- og orkustofnunar og er ætlað að einfalda, stytta og samræma málsmeðferð stofnunarinnar. Með frumvarpinu eru gerðar tillögur um breytingar á orkulögum nr. 58/1967, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, raforkulögum nr. 65/2003, lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011, lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011, lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og lögum um Umhverfis- og orkustofnun nr. 110/2024.

Ákvæði frumvarpsins varða fyrst og fremst einföldun ferla og samræming. Lögð er til víðtækari heimild til að gera tiltekna starfsemi skráningaskylda í stað starfsleyfis skyldu. Lagt er til að leyfi samkvæmt raforkulögum og lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu falli ekki brott sjálfkrafa hafi ekki verið samið um endurgjald eða óska eftir eignarnámi innan tiltekins tíma. Lagt til að birting stjórnvaldsákvæðana á vef Umhverfis- og orkustofnunar teljist til opinberrar birtingar. Einnig er fjallað um sameiningu leyfisveitinga og einföldun kæruleiða. Þá er lagt til að Umhverfis- og orkustofnun verði heimilað að forgangsraða málum í þágu markmiða um orkuskipti og kolefnishlutleysi. Jafnframt er í frumvarpinu að finna ýmsar tillögur um úrbætur, samræmingu og uppfærslur á lögum.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Ísland hefur fullgilt Árósasamning um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Þjóðréttarsamningurinn veitir almenningi rétt á að eiga aðkomu að ákvarðanatöku sem hefur áhrif á umhverfið.

Talið er að frumvarpið samræmist ákvæðum stjórnarskrárinnar. Er þá sérstaklega litið til atvinnufrelsisákvæðis 75. gr. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að Umhverfis- og orkustofnun verði heimilt að forgangsraða afgreiðslu mála í þágu markmiða um orkuskipti og kolefnishlutleysi. Það hefur verið talin almenn meginregla í stjórnsýslu að afgreiða mál í þeirri röð sem þau berast. Frá þessu megi þó víkja að ákveðnu marki og taka tillit til eðlis málanna og hversu mikilsverða hagsmuni málsaðila þau varða, sbr. álit Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2907/1999. Þá kunna að vera ákvæði í sérlögum sem veita stjórnvöldum lagaheimild til að víkja frá meginreglunni. Í frumvarpinu felst tillaga um lagaheimild til að byggja forgangsröðun í afgreiðslu mála á sjónarmiðum um markmið íslenska ríkisins í þágu orkuskipta og kolefnishlutleysis.

5. Samráð.

Áform um lagasetninguna fóru í opinbera kynningu í samráðsgátt stjórnvalda 7. júlí (mál nr. S-137/2024) og bárust ráðuneytinu 11 umsagnir um áformin sem tekið var mið af við gerð frumvarps þessa.

Umsagnir um áform um lagasetninguna eru að mestu leyti jákvæðar gagnvart einföldun ferla. Í umsögnum koma m.a. fram sjónarmið um að ástæður tafa á leyfisferlum séu meðal annars skortur á samþættingu í leyfisveitingaferlinu og vöntun á samræmingu milli leyfisveitenda. Tímáfrestir séu ekki nægjanlega vel skilgreindir eða virtir af stofnunum og skortur sé á gegnsæi og heildaryfirsýn yfir stöðuna innan stjórnsýslunnar. Þá koma einnig fram sjónarmið um mikilvægi aðkomu almennings að ákvarðanatöku og að ekki verði gefið eftir í kröfum vegna náttúruverndar.

6. Mat á áhrifum.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í orkulögum nr. 58/1967 er fjallað um veitingu einkaleyfis til þess að starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði, frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa. Með ákvæðunum er lagt til að slík leyfisveiting verði færð á hendur Umhverfis- og orkustofnunar. Hitaveitur eru eitt af fjölmörgum málefnasviðum stofnunarinnar og eðlilegt að stuðla að samræmdri málsmeðferð leyfisveitinga innan málefnasviðsins.

Um 3. gr.

Lagt er til að gildissviðsákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 verði breytt þannig að það tilgreini landhelgi og landgrunn. Með lögum nr. 12/2021 bættist VI. kafli A við lögin. Í 33. gr. a er gildissvið kaflans tilgreint. Ákvæðið tók breytingum í þinglegri meðferð þannig að ákvæðið tekur til efnahagslögsögu og landgrunns. Þannig má telja ákvæðið innra ósamræmi á milli gildissviðsákvæðis laganna og 33. gr. a sem kann að leiða til réttaróvissu. Bent er á að lögin taka til sjókvíaeldis sem er einkum staðsett á innsævi Íslands.

Um 4. gr.

Með ákvæði 4. gr. er lagt til að sé mengandi starfsemi starfsleyfisskyld skv. IV. viðauka, þ.e. af hálfu heilbrigðisnefndar, jafnframt starfsleyfisskyld skv. viðauka I og/eða II, skuli Umhverfis- og orkustofnun gefa út starfsleyfið sem eitt leyfi. Einföldunin fælist í því að í stað þess að þurfa leyfi frá heilbrigðisnefnd og Umhverfis- og orkustofnun þyrfti einungis leyfi Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 5. gr.

Í 5. gr. eru lagðar til breytingar á 8. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í a- lið er lögð til breyting á fyrirsögn ákvæðisins sem talin er í betra samhengi við efnisatriði þess.

Í b- lið er lagt til að ráðherra verði heimilt að kveða á um með reglugerð að atvinnurekstur skv. II. viðauka laga um hollustuhætti og mengunarvarnir verði háður skráningaskyldu í stað starfsleyfis. Heimild til að ákvarða skráningaskyldu í stað starfsleyfisskyldu samkvæmt núgildandi lögum tekur til viðauka IV. um starfsemi sem heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir. Þeirri heimild var bætt við lögum með lögum nr. 66/2017 og var nýtt með reglugerð nr. 830/2022 um skráningaskyldan atvinnurekstur. Með 4. gr. er lagt til að ákvæðinu þannig að það nái jafnframt til II. viðauka. Komin er marktæk reynsla af beitingu reglugerðar nr. 830/2022. Talið er að markmiðum löggjafarinnar megi ná með skráningaskyldu í stað starfsleyfisskyldu þar sem fyrirtæki bera ábyrgð á að starfa í samræmi við gildandi löggjöf hverju sinni.

Um 6. gr.

Lagt er til að virkjun og orkuveita frá 1 MW verði færð úr IV viðauka yfir í II. viðauka. Slík starfsemi mundi þá ekki vera háð starfsleyfi heilbrigðiseftirlits heldur Umhverfis- og orkustofnunar en gert er ráð fyrir að stofnunin geti sameinað starfsleyfið öðrum leyfum samkvæmt sérlögum á sviði stofnunarinnar, svo sem virkunarleyfi skv. 4. gr. raforkulaga.

Um 7. og 8. gr.

Í 1. mgr. 7. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu segir að áður en nýtingarleyfishafi hefji vinnslu í eignarlandi þurfi hann að hafa náð samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindina eða fengið heimild til eignarnáms. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið óskað innan 60 daga frá útgáfu nýtingarleyfis fellur það niður.

Í 3. mgr. 4. gr. raforkulaga segir að áður en leyfishafi hefji framkvæmdir á eignarlandi þurfi hann að hafa náð samkomulagi við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald eða fengið heimild til eignarnáms. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið óskað innan 90 daga frá útgáfu leyfis fellur það niður.

Ákvæðin eru óundanþæg hvað varðar niðurfellingu og réttarverkan þeirra er ekki háð aðkomu opinberra aðila, ekki er hægt að óska eftir rýmri heimild til að uppfylla ákvæðin. Vísa má til úrskurðar úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála, þessu til dæmis, í máli nr. 107/2018. Af þessu hefur hlotist nokkurt óhagræði í framkvæmd. Málsmeðferð leyfa til auðlindanýtingar er flókið, tímafrekt og kostnaðarsamt ferli. Niðurfelling leyfis á grundvelli svo þröngt afmarkaðra skilyrða ónýtir allt ferlið og hætta á tvíverknaði því mikil þar sem endurtaka þarf allt ferlið.

Með því að breyta ákvæðunum á þann veg að í stað þess að óundanþæg réttarhrif verði, geti Umhverfis- og orkustofnun tekið sjálfstæða ákvörðun um að fella leyfið úr gildi ef ekki

er virkt samtal milli eiganda auðlindar og leyfishafa, og leyfishafi hyggst ekki óska eftir eignarnámi.

Um 9. gr.

Árið 2011 voru með lögum nr. 19/2011 gerðar ýmsar breytingar á raforkulögum, m.a. gjaldskrárákvæðum laganna. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 2/2024 var komist að þeirri niðurstöðu að óheimilt er að taka gjald af virkjunum fyrir þjónustu sem flutningsfyrirtækinu er skylt að veita þeim. Sú staða torveldar flutningsfyrirtækinu Landsneti að takast á við framtíðarþróun á raforkumarkaði auk þess sem hún er í beinni andstöðu við markmið um réttláta og gagnsæja skiptingu kostnaðar við flutning raforku. Er breyting sú sem hér er lögð til því nauðsynleg til þess að stuðla að hagkvæmni og skilvirkni í raforkukerfinu til framtíðar

Um 10. gr.

Í 21. gr. a raforkulaga er fjallað um aðgerðir vegna trjágróðurs. Grisjun trjágróðurs er öryggisráðstöfun sem ráðist er í þegar hæð eða útbreiðslusvæði gróðurs er með slíkum hætti að það geti truflað flutning eða dreifingu á raforku eða hættu við flutning og dreifingu á raforku. Í 4. mgr. 21. gr. a. er fjallað um ágreining á milli flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitu og landeiganda eða umráðamanns lands. Slíkum ágreiningi skal vísað til Raforkueftirlitsins til úrlausnar. Við málsmeðferð Raforkueftirlitsins leggur eftirlitið mat á málið út frá sjónarmiðum um hagnýtingarrétt landeiganda annars vegar og öryggisráðstafana í almannabágu hins vegar. Ákvæðið gerir kröfu um að brýn nauðsyn sé fyrir hendi, en í fáum tilvikum hefur landeigandi sérfræðipækkingu á flutningi og dreifingu raforku og getur þannig ekki metið hvort um brýna nauðsyn sé að ræða. Þannig hefur milliganga Raforkueftirlitsins hingað til einungis verið formlegs eðlis, í þeim tilgangi að staðfesta að heimilt sé að grisja gróðurinn.

Með ákvæðinu er lagt til að hlutverk Raforkueftirlitsins sem milliliður í ágreining um grisjun trjágróðurs sé lagt niður. Landeigandi nýtur aftur á móti áfram verndar eignarréttar og getur óskað eftir því að sýslumaður leggi lögban við aðgerðinni, óháð því hvort hún sé hafin eða ekki. Þá hefur landeigandi, samkvæmt ákvæðinu, jafnframt rétt til bóta vegna sannanlegs tjóns sem hann verður fyrir. Litið er svo á að þær kröfur sem gerðar eru til grisjunar trjágróðurs í öðrum málsgreinum 21. gr. a. raforkulaga, séu fullnægjandi varnagli þess að trjágróður sé grisjaður án nauðsynjar eða í óhóflegu magni. Þannig sé milliganga Raforkueftirlitsins óþörf og einungis til þess fallin að lengja biðtíma annarra mála.

Um 11. gr.

Með 11. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvörðun um breytingu á vatnshloti skuli sameinuð viðkomandi leyfisákvörðun þegar framkvæmd er háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar.. Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar vegna beiðni um breytingu á vatnshloti skuli þá vera hluti af ákvörðun stofnunarinnar um veitingu leyfis. Tilgreint er að um kærueimildir vegna ákvörðunar um útgáfu viðkomandi leyfis og breytingar á vatnshloti gildi ákvæði þeirra laga sem taka til viðkomandi leyfa. Eins og tilgreint er í 1. kafla þessarar greinargerðar er áfram unnið að frekari breytingum í átt til einföldunar, m.a. hvað varðar kæruleiðir.

Um 12. gr.

Í 12. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana er að finna lýsingu á ferli við umhverfismat áætlana. Lagt er til að fremst í uppröðuninni verði vísað til matslýsingar. Er það

til aukins skýrleika um ferli umhverfismats áætlana og í samræmi við reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Um 13. og 14. gr. gr.

Í 13. og 14. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 19. og 22. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Nokkur óvissa hefur verið um ýmsa þætti sem tengjast breyting á vatnshloti skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála. Í framkvæmd hefur verið um að ræða sérstaka umsókn framkvæmdaraðila sem Umhverfisstofnun hefur afgreitt sem sérstaka ákvörðun. Eðlilegast er að mat og rökstuðningur um breytingu vatnshlots sé settur fram í umhverfismati viðkomandi framkvæmdar og ákvörðun um slíka heimild sé í höndum viðkomandi leyfisveitanda, sbr. 11. gr. þessa frumvarps. Er því lagt til að í tilkynningu framkvæmdaraðila til Skipulagsstofnunar skuli framkvæmdaraðili leggja fram upplýsingar um hvort framkvæmd sé líkleg til að hafa áhrif á flokkun vatnshlot samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Þá skuli í umhverfismatskýrslu framkvæmdaraðila gera grein fyrir áhrifum framkvæmdar á flokkun vatnshlots samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

Um 15. gr.

Með ákvæðinu er lögð til breyting á 41. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í tillögnum felst ráðstöfun í átt að því að gera Umhverfis- og orkustofnun að einum afgreiðslustað (*e. one-stop shop*) þegar um er að ræða umsókn um undanþágur frá ákvæðum friðlýsingarskilmála samhliða umsókn um leyfi. Hagræði fyrir umsækjanda felst í afgreiðslu frá einum stað en málsmeðferðin og efnisleg skoðun Náttúruverndarstofnunar á undanþágubeiðninni er sú sama.

Byggt er á því að umsögn Náttúruverndarstofnunar bindi afgreiðslu Umhverfis- og orkustofnunar við eina niðurstöðu, þar með talið hvað varðar skilyrði skv. 2. mgr. 41. gr. náttúruverndarlaga fyrir undanþágunni ef Náttúruverndarstofnun telur að veita eigi umbeðna undanþágu. Eftir sem áður er um að ræða undanþáguheimild sem ber að túlka þröngt.

Um 16. gr.

Í 92. gr. laga um náttúruvernd er mælt fyrir um heimild til töku þjónustugjalds samkvæmt gjaldskrá. Lagt er til að slík heimild nái jafnframt til bindandi umsagna í samræmi við 15. gr. þessa frumvarps.

Um 17. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að við lög um Umhverfis- og orkustofnun bætist þrjú ný ákvæði, 6. gr. a og 6. gr. b og 6. gr. c.

Í a- lið er lagt til að við bætist 6. gr. a. sem feli í sér sérreglu um að birting leyfisákvæðana og annarra áþekkra ákvæðana (þ.e. sæta rýmri aðildarkröfum í kæru til æðra stjórnarsýslustigs en gildir samkvæmt stjórnarsýslulögum) á vef stofnunarinnar teljist opinber birting. Úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála hefur byggt á því að í opinberri birtingu, þar sem hún er skyld samkvæmt viðkomandi regluverki, felist birting í Stjórnartíðindum. Telja verður að unnt sé að ná markmiðum um tryggt aðgengi almennings að upplýsingum um gildistöku starfsleyfa með birtingu á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar þar sem almennigur mun auðveldlega geta nálgast þær upplýsingar.

Í b- lið er lagt til að ákvæði 6. gr. b bætist við lögin. Í 1. mgr. er lagt til að við afgreiðslu leyfisumsókna fyrir starfsemi sem er leyfisskyld samkvæmt mismunandi lögum á ábyrgð Umhverfis- og orkustofnunar skuli stofnunin sameina afgreiðsluna í eitt leyfi. Tilgangur

ákvæðisins er aukin þjónusta við almenning og skilvirkni sem lýtur að því að stofnunin gegni hlutverki að vera einn afgreiðslustaður umsókna um leyfi.

Um 2. mgr. er vísað til umfjöllunar um 15. gr. frumvarpsins.

Í c- lið er lagt til að við afgreiðslu umsóknar um leyfisskylda framkvæmd verði Umhverfis- og orkustofnun heimilt, að fenginni rökstuddri beiðni umsækjanda, að samþykkja flýtimeðferð umsóknar þegar tilgangur framkvæmdar þjónar markmiðum stjórnvalda um orkuskipti og/eða kolefnishlutleysi. Í ákvæðinu felst sérregla gagnvart þeirri almennu meginreglu stjórnsýsluréttar að mál beri að afgreiða í þeirri röð sem þau berast, nánar tiltekið að stofnuninni verði heimilt að forgangsraða málum í þágu markmiða íslenska ríkisins um orkuskipti og kolefnishlutleysi. Með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum og metnaðarfullum markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutleysi er nauðsynlegt að tryggja skilvirka málsmeðferð þeirra verkefna sem stuðla að orkuskiptum og samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Þó ber að hafa í huga að beiting þessarar heimildar má ekki leiða til óhóflegrar seinkunar á afgreiðslu annarra mála sem bíða afgreiðslu hjá stofnuninni. Mikilvægt er að stofnunin setji sér verklausreglur um beitingu heimildarinnar til að tryggja gagnsæi og fyrirsjáanleika í ákvarðanatöku. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra geti mælt nánar fyrir um tilhögun flýtimeðferðar í reglugerð.

Fyrsta langtíma orkustefna Íslands kom út árið 2020. Stefnan var unnin af þverpólítískum starfshópi skipuðum af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Stefnan nær til ársins 2050 og í henni er sett fram sú framtíðarsýn að framleiðsla endurnýjanlegrar orku skuli gegna grundvallarhlutverki í baráttunni við loftslagsvána. Markmið stjórnvalda í loftslagsmálum eru sett fram í aðgerðaráætlun um loftslagsmál. Í júní 2024 kom fram endurskoðuð aðgerðaáætlun í loftslagsmálum með uppfærðum tölum og mun ítarlegra yfirliti á ábyrgð og framkvæmdum einstakra þátta aðgerðanna. Hún er fyrsta aðgerðaráætlunin sem vefur öflun endurnýjanlegrar (grænnar) orku á afgerandi þátt inn í lausnir á loftslagsvandinum.

Um 18. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.